

## Starfsreglur kjörnefndar SSNV

### 1. Skipun og hlutverk

Nefndin er skipuð af stjórn SSNV, eigi síðar en 15. ágúst ár hvert. Skal hún vinna að undirbúningi ársþings samkvæmt hlutverki sínu og starfa á því í samræmi við samþykktir og þingsköp SSNV og starfsreglur þessar.

Hlutverk kjörnefndar er eftirfarandi:

1. Fylgja því eftir að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa til setu á ársþingi SSNV.
2. Yfirfara kjörbréf og mætingu kjörinna fulltrúa á ársþing hverju sinni.
3. Vekja athygli sveitarstjórna á að kosið verði til stjórnar á ársþingi þegar það á við.
4. Taka við og fara yfir framboð og tilnefningar sem berast til stjórnarkjörs.
5. Stilla upp tillögu að stjórn, varastjórn, endurskoðanda, fulltrúum í fastanefndir og í aðrar nefndir sem þingið kann að ákveða og leggja fyrir ársþing.
6. Sjá um framkvæmd kosninga á ársþingi komi til skriflegra kosninga.

Komi ekki fram framboð eða tilnefningar til stjórnar eða varastjórnar innan framboðsfrests sem nægi til fullskipaðrar stjórnar og varastjórnar skal kjörnefnd leita eftir framboði/samþykki þeirra sem hún telur rétt að tilnefna í stjórn eða varastjórn.

Kjörnefnd skal leitast við að hafa kynjahlutföll í stjórnnum, ráðum og nefndum sem jöfnust, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu eins og við á hverju sinni.

### 2. Stjórnskipan

Stjórn SSNV skal skipa formann og fjóra nefndarmenn. Nefndin skipar sér ritara. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

### 3. Endurskipun

Nefndarmenn hafa ekki varamenn og skal stjórn skipa nýjan aðalman forfallist nefndarmaður eða geti ekki sinnt starfi sínu.

### 4. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum hennar. Haldin er einföld fundargerð/skrá um fundi.

### 5. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni er leynt skulu fara og varða SSNV eða einstaka frambjóðendur sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

### 6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.